



Félag
umboðsmanna
vörumerkja
og einkaleyfa

skrifstofa Alþingis
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1340
komudagur 15.2.2011

Reykjavík, 14. febrúar 2011

Efni: **Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi (Þskj. 357, 303. mál)**

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) er hlynnt frumvarpi þessu og hefur engar athugasemdir fram að færa.

Innan vébanda FUVE eru flestir þeir sérfræðingar sem starfa sem umboðsmenn fyrir réttihafa hugverkréttinda og umsækjendur um slík réttindi á sviði iðnaðar, bæði innlenda og erlenda. Félagsmenn FUVE eru þannig í daglegum og nánum tengslum við Einkaleyfastofu.

Með þessu frumvarpi er í sjálfu sér einungis verið að lögfesta það fyrirkomulag sem ríkt hefur, að ráðherra efnahags- og viðskiptamála, í samráði við Einkaleyfastofu, ákvarði gjöld fyrir þjónustu stofunnar og til viðhalds þeim skráningum á hugverkaréttindum sem hún annast: einkaleyfi, vörumerki og skráða hönnun. Þetta fyrirkomulag hefur í öllum aðalatriðum reynst vel. Einkaleyfastofan er vel rekin, veitir faglega þjónustu og er í nánú samstarfi við erlendar - og alþjóðastofnanir á sínu sviði. Gjöld stofunnar eru að mati FUVE í stórum dráttum sanngjörn, íþyngir ekki um of t.d. nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, en þó þannig að aðilar sem fá samþykkt skráð réttindi greiði gjöld fyrir að viðhalda sínum einkarétti. Við teljum æskilegt að sama fyrirkomulag verði áfram, að ráðherra ákvarði gjöld stofunnar eftir þörfum hennar og að gjöldin geti þannig tryggt að stofnunin sé sjálfbær rekstrareining og veiti góða þjónustu.

F. hönd Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa,

Dr. Einar Karl Friðriksson

Póstfang
Guðríðarstíg 2-4
113 Reykjavík

Sími
540 0200

Bréfasími
540 0201

Tölvupóstfang
patent@arnasonfaktor.is